

Ed.

81. Frumvarp til laga

[69. mál]

um breyting á lögum nr. 78 7. maí 1936, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjatarþingi, 1965.)

1. gr.

3. tl. 1. gr. falli niður.

2. gr.

2. gr. orðist svo:

Samkvæmt lögum þessum verður styrkur ekki veittur til greiðslu kostnaðar, sem hlutaðeigandi á rétt á að fá greiddan samkvæmt lögum um almannatryggingar.

3. gr.

3. gr. orðist svo:

Félagsmálaráðuneytið veitir styrk samkvæmt lögum þessum, að fengnum til-
lögum landlæknis. Ráðuneytið lætur gera í samráði við landlækni eyðublöð fyrir
læknisvottorð, sem veita fullnægjandi upplýsingar um sjúklinginn.

Setja má með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis.

4. gr.

Niður falli orðin: „— nudd- og rafmagnsaðgerðir mænuóttarsjúklinga —“
í 6. gr. 2. tl. Enn fremur falli niður 4. tl. og síðasta málsgrein greinarinnar.

5. gr.

Orðin „— eða 4. —“ í 7. gr. falli niður.

6. gr.

8. gr. orðist svo:

Sjúkrahús eða hæli eða skóli eða annar viðtakandi styrks þess, sem veittur er
samkvæmt lögum þessum, á rétt á, að framfærslusveit styrkþegans greiði það, sem
á vantar fulla greiðslu kostnaðarins eins og hann er talinn og úrskurðaður sam-
kvæmt 4., 5. og 6. gr., er ríkissjóðsstyrkurinn hefur verið greiddur. Þessi greiðsla
framfærslusveitar telst ekki veittur sveitarstyrkur.

7. gr.

9. gr. falli niður.

8. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1966.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að horfið verði frá efnahagsviðmiðun í sam-
bandi við ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Þá er enn fremur lagt til,

að niður verði felldir styrkir þeir, sem ríkisframfærslan hefur veitt til örkumla fólks, sem þarfnast gervilima, umbúða eða annarra þess háttar tækja, svo og styrkir til þeirra, sem þarfnast æfingarmeðferðar með viðeigandi nudd- og rafmagnsaðgerðum. Í öðru stjórnarfrumvarpi, um breyting á lögum um almannatryggingar, er gert ráð fyrir, að Tryggingastofnun ríkisins veiti þessa styrki framvegis.

Um afnám efnahagsviðmiðunarinnar skal eftirfarandi tekið fram:

Það er meginregla í lögum um almannatryggingar hér á landi, að efnahagur bótaþega hefur ekki áhrif á fjárhæðir bóta. Þessi regla var staðfest með afnámi skerðingarákvæðanna, sbr. lög nr. 86 28. des. 1960.

Svo sem kunnugt er annast sjúkrasamlögin tryggingar vegna sjúkra. Frá þeirri reglu er þó mikilvæg undantekning, þar eð verulegur hluti sjúklinga er á ríkisframfæri, samkvæmt lögum nr. 78 23. júní 1963, um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla. Kostnaður vegna þeirra, sem eru á ríkisframfærslunni er yfirleitt greiddur að $\frac{4}{5}$ hlutum úr ríkissjóði og að $\frac{1}{5}$ hluta úr hlutaðeigandi sveitarsjóði.

Sjúkrabætur, sem greiddar eru af sjúkrasamlögum eru greiddar án tillits til efnahags sjúklinganna. Hins vegar er fyrirgreiðsla ríkisframfærslunnar miðuð við efnahag og háð því, að hlutaðeigandi sjúklingur eða framfærandi hans sé ekki fær um að standast kostnaðinn án þess að stofna afkomu sinni í tilfinnanlega hættu. Í framkvæmd hefur verið reynt að setja ákveðnar reglur um þessa efnahagsviðmiðun, en þrátt fyrir það verður slíkt mat nokkuð handahófskennt. Áætlað hefur verið, að sá sparnaður, sem fæst með þessari efnahagsviðmiðun nemi ca. kr. 700 000.00 til kr. 900 000.00 á ári fyrir ríkissjóð. Þá er miðað við daggjöld og annan kostnað eins og hann var á þessu ári. Þar eð líta verður á ríkisframfærsluna, sem lið í sjúkratryggingum þjóðarinnar er mjög óviðfeldið, að þeir sem fá sína fyrirgreiðslu hjá henni, skuli látnir sæta ákvæðum um algera synjun bóta af efnahagsástæðum, þó að sjúkdómar þeirra séu einmitt yfirleitt alvarlegri en þeir sjúkdómar, sem kostaðir eru alveg af sjúkrasamlögunum. Virðist því rétt að falla frá efnahagsviðmiðun í sambandi við ríkisframfærsluna, svo sem lagt er til í frv. þessu.

Á sínum tíma var ríkisframfærslan sett á fót til þess fyrst og fremst að vinna bug á berklaveikinni. Síðar var verkviðið stækkað vegna þess, að sjúkratryggingar voru annað hvort engar eða alveg ófullnægjandi. Sú skipting, sem hér hefur þróast varðandi hjálp til sjúkra, er í sjálfu sér óeðlileg og hefur aðeins orðið til af framangreindum ástæðum. Takmarkið er ótvírætt það, að sjúkrasamlögin taki alveg að sér hjálp vegna sjúkra og að þessi skipting verði afnumin. Þessi breyting virðist hafa í för með sér verulegan vinnusparnað.

Síðarnefnda breytingin varðar gervilimastyrki og styrki vegna æfingameðferðar. Þar eð Tryggingastofnun ríkisins veitir lífeyri og styrki til öryrkja, virðist eðlilegt, að hún annist einnig þær styrkveitingar vegna örkumla, sem hingað til hafa verið veittar af ríkisframfærslunni. Kostnaður við gervilimi var áætlaður 2.2 milljónir króna á árinu 1965. Er nú lagt til, að þessum kostnaði verði létt af ríkissjóði, en Tryggingastofnun ríkisins taki að sér þessar greiðslur. Frumvarp þetta virðist því ekki auka útgjöld ríkissjóðs. Munurinn, sem verða kann, verður ríkissjóði fremur í hag. Nánar er fjallað um þessa breytingu í frumvarpinu um breyting á lögum um almannatryggingar, sem áður er getið.

Að lokum skal þess getið, að ríkisstjórnin hefur ákveðið að vinna að því, að ríkisframfærslan verði lögð niður, a. m. k. í því formi, sem hún er nú og að fela Tryggingastofnun ríkisins að hefja undirbúning að því, að sjúkratryggingar og lífeyristryggingar geti tekið við hlutverki ríkisframfærslunnar eigi síðar en á árinu 1967, þó þannig, að kostnaður vegna berklasjúklinga, geðveikra og fávita yrði áfram greiddur af ríkisframfærslunni, ef það þætti betur henta.

Hér fara á eftir athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Í samræmi við aðra breytingu frumvarpsins, sbr. framanritað.

Um 2. gr.

Fyrri mgr. nógildandi laga fellur niður samkvæmt þeirri breytingu, sem áður er lýst, um afnám efnahagsviðmiðunarinnar.

Um 3. gr.

Breyting sú, sem hér um ræðir, er af sömu rót runnin og breytingin á 2. gr. frumvarpsins.

Heimildin til þess að setja nánari ákvæði um framkvæmd ákvæðisins er m. a. vegna þess, að með afnámi efnahagsviðmiðunar, er ekki lengur þörf fyrir efnahagsskýrslur, sem sveitarstjórnir hafa sent ráðuneytinu, en setja verður reglur um tilkynningu til sveitarstjórnanna, um úrskurði, sem skylda þau til greiðslu á $\frac{1}{5}$ hluta kostnaðarins.

Um 4. gr.

Niðurfellingar þær, sem greinin fjallar um, eru gerðar í samræmi við þær breytingar, sem fyrirhugaðar eru í sambandi við gerfilimi og æfingarmeðferðir.

Um 5. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 6. gr.

Fyrsti málslíður greinarinnar er samhljóða 1. málslíð 8. gr. Önnur ákvæði 8. gr., sem lagt er til, að niður verði felld, eru nátengd afnámi efnahagsviðmiðunarinnar og þarfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Visast til athugasemdar við 6. gr.

Um 8. gr.

Breytingar þær, sem felast í frumvarpi þessu, er hagkvæmast að miða við áramót af ástæðum, sem snerta bókhald og reikningsskil.